

## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Umhverfis- og skipulagsráð

**Sendandi:** Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

---

### **Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um samþykkt um göngugötur**

Á fundi Umhverfis- og skipulagsráðs þann 17. ágúst sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

*Í samþykkt um göngugötur í Reykjavík þá kemur fram í fjórðu grein að íbúar á göngugötu geti sótt um svokallað göngugötukort til að hafa aðgang að bílastæði. Eingöngu er gefið út eitt göngugötukort fyrir hvert bílastæði. Flokkur fólksins spyr hvort ekki sé hægt að gefa út fleiri en eitt kort við sérstakar aðstæður? Vísað er jafnframt í umfjöllun um þessi mál í Kjarnanum: <https://kjarninn.is/skodun/laerdu-a-thetta>*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar Umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar þann 14. september sl.

Svar:

Gildandi reglur borgarinnar varðandi göngugötukort eru skýrar en í samþykkt um göngugötur segir í 4. gr. að eingöngu sé gefið út eitt göngugötukort fyrir hvert bílastæði. Þegar sótt er um göngugötukort er hvert tilfelli skoðað fyrir sig og reynt að komast að niðurstöðu sem hentar íbúum, þó innan þeirra reglna sem í gildi eru. Það er markmið borgarinnar að veita góða þjónustu. Það markmið nær bæði til gesta á göngugötum og íbúa við göngugötur. Þegar kemur að endurskoðun reglanna verða þau álitamál sem komið hafa upp höfð til hliðsjónar til að meta þörf á breytingum reglanna.

Virðingarfyllt,  
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir  
starfandi samgöngustjóri